

## 5. Blönduveita<sup>1</sup>

Virkjanir í Blönduveitu nýta fall frá Smalatjörn í 460 m y.s. niður að inntakslóni ofan Gilsárstíflu í 410 m y.s. í tveimur þrepum. Fyrirkomulag var kynnt í skýrslunni *Virkjun Blöndu II. Samanburðaráætlanir* frá árinu 1975.

### Efra þrep

Gert er ráð fyrir að veita vatninu um 2,8 km leið frá norðurenda Smalatjarnar eftir skurði í jökulruðningshrygg suðaustan Austara Friðmundarvatns. Þar fer vatnið í inntak og frá því um steiptan stökk í stöðvarhús, gegnum vatnsvél og eftir 0,7 km löngum frárennisskurði í Austara Friðmundarvatn. Uppsett afl virkjunarinnar er ráðgert 9 MW miðað við 50 m<sup>3</sup>/s virkjað rennsli og 21,5 m raunfallhæð.

### Neðra þrep

Virkjað er eftir veituleið sem könnuð var í tengslum við undirbúning útboðs fyrir Blönduvirkjun frá 1988, en þá var gert ráð fyrir að veita vatninu frá Austara Friðmundarvatni norður að inntakslóni Blönduvirkjunar, skemmstu leið eftir skurði, en nýta ekki náttúrlagan farveg um Fiskilæk og Gilsvatn eins og gert var þegar að framkvæmdum kom. Aðrennisskurður verður um 3 km langur með lágrí stíflu eftir skurðbakka á kafla til að hindra rennsli út úr skurðinum til austurs. Lítil inntaksstífla yrði í slakka þar sem hallar norður til Gilsárlóns, inntak byggt inn í stífluna og stöðvarhús með vélasamstæðu þar við. Þaðan yrði um 2 km langur frárennisskurður að Gilsárlóni. Uppsett afl virkjunarinnar er ráðgert 11 MW miðað við 50 m<sup>3</sup>/s og 25,5 m raunfallhæð.

Umhverfisáhrif af viðkomandi framkvæmdum verða lítil ef nokkur ofan Smalatjarnar þótt gera megi ráð fyrir nokkuð aukinni umferð þar um framkvæmdatímenn. Hins vegar verður ekki hjá komist að eitthvert rask fylgi framkvæmdum sem þessum. Í fáum tilvikum verður það þó að því marki að valdi óafturkræfum áhrifum þótt vissulega muni ásýnd breytast næst viðkomandi virkjunum.

Grafa þarf að- og frárennisskurði sem og fyrir stöðvarhúsum og viðkomandi virkjum. Uppgreftinum, sem er blanda af jarðvegi, jökulruðningi (mórenu) og bergi, yrði komið fyrir þannig að sem minnst beri á, og leitast yrði við að græða hann upp.

Leggja þyrfti varanlegan veg að hvorri stöð frá Kjalvegi sem þarna liggur skammt austan við fyrirhuguð stöðvarhús.


Enn er þess að geta að koma þarf rafmagninu frá virkjununum. Líklegt er að leggja megi háspennukapal í jörðu a.m.k. frá efra þrepi að því neðra og jafnvel allt norður í útvirki Blönduvirkjunar. Að öðrum kosti þyrfti að styrkja og aðlaga þá háspennulínu sem þarna er.

---

<sup>1</sup> Verkís og Landsvirkjun Power, 2009. *Virkjanir í Blönduveitu. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/038, Mars 2009.

*Blanda á veituleið.**Yfirlitstafla*

<b>Einkennisstærðir</b>	<b>Efra þrep</b>	<b>Neðra þrep</b>
Meðalrennsli til virkjunar (m <sup>3</sup> /s)	43,2	43,6
Vatnasvið (km <sup>2</sup> )	1520	1545
Vatnshæð inntakslóns (m y.s.)	460	437
Vatnshæð bakvatnslón (m y.s.)	437	410
Lengd aðrennslisskurða (km)	2,8	3,0
Lengd frárennslisskurða (km)	0,7	2,0
Raunfallhæð (m)	21,5	25,5
Virkjað rennsli (m <sup>3</sup> /s)	50	50
Afl (Kaplan hverfill) (MW)	9,0	11,0
Orkugeta (GWh/ári)	60	71
Hagkvæmniflokkur	5	5




© Landmælingar Íslands, IS30V 2008



Drög að yfirlitsmynd vegna Rammaáætlunar

Blanda  
Virkjanir á veituleið

- Vatnsvegir Blönduvirkjunar
- Hugsanleg stöðvarmús
- Hugsanlegir skurðir



© Landmælingar Íslands, IS50V 2008

0 1 2 km  
Drög að yfirlitsmynd vegna Rammaáætlunar

Blanda  
Virkanir á veituleið